



Gleðiskjóður

- heilafóður

2018



Styrkþegi: Náttúruleikskólinn Krakkakot

Ábyrgðamenn : Ásta Kristinsdóttir og Raket Viggósdóttir

Í apríl 2018 var okkur úthlutaður 300.000 kr. styrkur úr Þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar. Markmið verkefnisins var að útbúa skemmtilegt og aðgengilegt efni fyrir bæði börn á leikskólaaldri og starfsfólk. Í gleðiskjóðunum er bók og efni sem tengist henni, ss handbrúður, spil, orðaspjöld og annað sem tengist sögunni. Námsefnið á að ýta undir athygli barnanna í t.d. samveru og sögustundum. Efnið á að nýtast sem markviss málörvun, örva lesskilning, auka ímyndunarafl og gera lestrarupplifun barnanna ánægjulegri. Gleðiskjóðurnar eru hugsaðar sem verkfæri fyrir kennara, hvort sem þeir eru fagmenntaðir eða ekki.

Framkvæmd

Útbúnar voru 9 Gleðiskjóður og var ætlunin að aldursskipta skjóðunum, þannig að 3 skjóður væru fyrir hvert aldursbil. Þegar leið á verkefnið var ljóst að hægt væri að nota allar skjóður á öllum deildum, verkefni eru misjöfn í skjóðunum og auðveldlega hægt að aðlaga sögustundina hverjum aldursbíl fyrir sig.

Í öllum skjóðum er bók (í sumum skjóðunum eru nokkrar bækur), bangsar og tuskudýr, spil, verkefni tengd listsköpun, hugleiðslu sögur, spurningar, orðskýringar (erfið orð og andstæður), spjaldsögur, minni bækur með ýmist tölum eða formum og hreyfiverkefni allt tengt sögunni. Einnig er yfirlitsmappa í öllum skjóðum með hugmyndum af því hvernig gott er að vinna með efni skjóðunnar og hugmyndir að umræðum um söguna.



Innihald skjóðanna kemur hvaðanæva að. Mikið af því var fönðrað og búið til á leikskólanum með hjálp frá Pinterest, einnig fundum við mikið efni á sölusíðum á netinu (facebook), við þræddum nytjamarkaði og vorum svo heppnar að komast í bókabúðir í Bretlandi sl. vor þegar starfsfólk leikskólans fór til Brighton. Einnig versluðum við á síðum eins og aliexpress og amazon.com. Við fundum ýmislegt í Costco, A4 og Ikea. Ásta saumaði pokana og létum við merkja þá hjá merkt.is. 3 Gleðiskjóður innihalda sögur sem ekki eru til á íslensku og þýddum við bækurnar sjálfar.

Við settum okkur það markmið að kynna Gleðiskjóðurnar á starfsmannafundi leikskólans í september 2018 og gekk það eftir. Þar útskýrðum við hvernig við sáum fyrir okkur að efnið yrði notað og kynntum allar skjóðurnar og innihald þeirra. Hugmyndin er að starfsfólk nær sér í Gleðiskjóðu á mánudegi og vinnur með hana út alla vikuna. Bæði er hægt að nota skjóðurnar í litlum og stórum samverum, enda mikið af efni í hverri skjóðu. Gleðiskjóðurnar eru verkfæri kennarans og á ekki að leyfa börnunum að leika eftirlitslaus með innihaldið. Einnig hvetjum við samstarfsfólk okkar til að vera óhrædd til að koma með hugmyndir sem þau hafa um efni sem mætti bæta í skjóðurnar.

Hindranir

Fyrst virtist starfsfólk vera frekar óöruggt með að sækja sér skjóðu og vinna með hana. Við vorum því duglegar að minna á skjóðurnar og sækja þær sjálfar og vera með samveru inni á deildum. Nú sér maður nánast daglega starfsmann sækja sér skjóðu til að hafa í samveru og virðist þeim líka þetta nýja verkfæri vel. Ennþá eru þó ekki allir farnir að treysta sér í að vinna með skjóðurnar og höldum við áfram að hvetja starfsfólk áfram í að prófa sig áfram.

Kostnaðaráætlun

Heildarupphæð styrks 300.000 kr.

Gögn	157.276
Laun	142.724

Sögurnar sem urðu fyrir valinu eru :

Við ætlum á bjarnaveiðar



Regnbogafiskurinn



Nornin á kústinum




Fíllinn Elmar



Gettu hve mikið ég elska þig



Villidýrin



Pétur kanína



Gráðuga lirfan



Greppikló



Mat á verkefninu

Nú eru komnir um 4 mánuðir síðan Gleðiskjóðurnar voru kynntar fyrir starfsfólki leikskólans. Að okkar mati eru börnin alltaf spennt þegar þau sjá okkur með Gleðiskjóðu í hendinni. Þau sitja spennt og biðja okkur um að sækja aðra skjóðu eða „koma aftur næst með svona poka“. Þau virðast tengja vel þegar þau eru með bangsana og tuskudýrin tengd sögunni í fanginu og sagan verður hlutlæg. Þau vita orðið að við ætlum að spyrja þau spurninga um söguna og eru dugleg að hlusta og taka eftir.

Umsagnir starfsfólks

„Sögurnar sem þið hafið valið eru skemmtilegar og uppbyggilegar. Þær hafa allar einhvern boðskap. Það er mjög þægilegt að geta gripið poka fyrir samveru, því það er oft lítill tími til undirbúnings. Spurningar og verkefni eru skemmtileg, krakkarnir eru áhugasamir og allir glaðir með þetta. Auðveldar nýju starfsfólki að taka samveru. Pokarnir eru aðgengilegir í hillu á ganginum. Mætti vera meira pláss þá fyrir fleiri sögur. Það mætti taka fræðsluefni, t.d. um líkamann, tilfinningar, hugtök, Ísland ofl. Það eru mikil og vönduð vinnubrögð í þessum pokum.“ – Þorgerður Nielsen, kennari á Heimalandi (4-5 ára börn).

„Gleðiskjóðunar gera lesturinn miklu skemmtilegri og börnin halda athygli allan tímann. Þeim finnst þetta mjög skemmtilegt og spennandi.“ – Andrea Viðarsdóttir, kennari á Bjarmalandi (3-4 ára börn).

„Ég hef bara notað Gleðiskjóðu 1x. Við erum með öll börnin í samveru (12 börn). Ég náði ekki athygli allra. Gaman væri að nota þetta reglulega og skipulega og nota þá einn poka út alla vikuna. Frábært innlegg í leikskólastarfið.“ – Sóley Valdimarsdóttir, kennari á Óskalandi (2-3 ára börn).

„Við á Undralandi notum skjóðurnar töluvert. Okkur finnst þetta þægilegt fyrirkomulag og náum yfirleitt athygli þeirra vel. Fjölbreytilegt efni, hentar yngstu börnunum mis vel eftir sögum. Annars frábært hjálpartæki í sögustund. Við náum í skjóðu 1-2x í viku, stundum oft.“ – Fríða Björk Gunnarsdóttir, deildarstjóri á Undralandi (1-2 ára börn).

„Börnin hafa mjög gaman af Gleðiskjóðunum. Þetta gerir lesturinn skemmtilegri og meira spennandi. Þau halda mjög vel athyglinni á meðan verið er að lesa.“ – Elísabet Halldórsdóttir, kennari á Álfalandi (4-5 ára börn).

„Gleðiskjóðurnar eru mjög skemmtileg viðbót í leikskólastarfið. Vel upp settar, fjölbreytt verkefni í öllum pokum og gott að geta valið hvort maður les eða gerir með þeim hin ýmsu verkefni. Mjög aðgengilegar og gaman og gott að vinna með efnið.“ – Birna Rúna Ingimarsdóttir, deildarstjóri á Draumalandi (1-2 ára börn).